

# Fagráð í hrossarækt

## 92. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, þriðjudaginn 18. febrúar 2020 kl. 11:00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Sveinn Ragnarsson, Gunnar Kristinn Eiríksson, Erlendur Árnason, Ingunn Reynisdóttir og Þorvaldur Kristjánsson. Hulda Gústafsdóttir og Siguroddur Pétursson komust ekki á fundinn.

### *Dagskrá:*

1. Fundarsetning.
2. Val kynbótahrossa á Landsmót 2020
3. Tillögur frá aðalfundi Félags hrossabænda
4. Aðalfundur FEIF
5. Sýningargjöld 2020
6. Þróun kynbótamatsins

1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.
2. Farið var yfir val kynbótahrossa á næsta landsmót. Ákveðið var að hafa sama fyrirkomulag við val kynbótahrossa inn á mótið og fyrir tvö síðustu mót og verður það því ákveðinn fjöldi efstu hrossa sem vinna sér þátttökurétt á mótið. Niðurstaðan var að hafa sama fjölda í hverjum flokki og var á síðasta móti og verður því miðað við að hafa 170 kynbótahross á mótinu, fjöldann í hverjum flokki má sjá í töflu hér að neðan. Þar sem verður farið að reikna tvær aðaleinkunnir fyrir hvert hross í vor, aðaleinkunn og aðaleinkunn án skeiðs, verður stuðst við þær við val kynbótahrossa inn á Landsmót. Ef dómar hrossa eru skoðaðir síðastliðin ár, þá eru klárhross með tölti jafnan í kringum 25% sýndra hrossa. Vegna þessa var ákveðið að velja u.þ.b. 75% hrossa í hverjum flokki eftir aðaleinkunn (með öllum eiginleikum) og 25% hrossa eftir aðaleinkunn án skeiðs. Þetta þýðir að í flokki þar sem 20 efstu hrossin vinna sér þátttökurétt á mótinu, að 15 efstu verða valin á grunni aðaleinkunnar og 5 efstu á grunni aðaleinkunnar án skeiðs. Að uppistöðu til verða þau hross sem valin verða á grunni aðaleinkunnar alhliða hross og þau sem veljast á grunni aðaleinkunnar án skeiðs klárhross. En þetta verður væntanlega ekki algilt. Ef hross (t.d. klárhross með tölti) er komið inn á lista yfir efstu hross á grunni aðaleinkunnar og er einnig efst á lista yfir hross á grunni aðaleinkunnar án skeiðs, verður farið neðar í þann lista þangað til fullum fjölda í flokknum er náð. Þegar kynbótasýningar byrja í vor verður birtur stöðulisti í WorldFeng sem sýnir hvaða hross eru inni á mótinu hverju sinni. Ef fleiri en eitt hross eru jöfn í síðasta sæti inn á mótið (til dæmis fleiri en ein hryssa í 15. sæti í flokki 7 vetra og eldri hryssna) þá er þeim öllum heimil þátttaka á mótinu. Eins verða eigendur hrossa sem vinna sér þátttökurétt á mótinu en ætla sér ekki að mæta með þau af einhverjum ástæðum beðnir um að láta vita fyrir ákveðna dagsetningu, þannig að hægt sé að bjóða hrossum sem eru neðar á listanum þátttöku á mótinu.

Flokkur:	Heildarfjöldi:	Aðaleinkunn – fjöldi	Aðaleinkunn án skeiðs - fjöldi
7v. og eldri hryssur:	<b>15</b>	11	4
6v. hryssur:	<b>30</b>	22	8
5v. hryssur:	<b>30</b>	22	8
4v. hryssur:	<b>20</b>	15	5
4v. hestar:	<b>20</b>	15	5
5v. hestar:	<b>20</b>	15	5
6v. hestar:	<b>20</b>	15	5
7v. og eldri hestar:	<b>15</b>	11	4
<b>Samtals:</b>	<b>170</b>		

3. Þá var farið yfir tillögur frá aðalfundi Félags hrossabænda sem haldin var í byrjun nóvember á síðasta ári. Tillögurnar voru teknar fyrir á stjórnarfundi félagsins og ákveðið að beina þeim til fagráðs en tillögurnar voru þrjár:

*Tillaga 1: Hrossaræktarsamtök Suðurlands skora á aðalfund Félags hrossabænda haldinn 2. nóvember 2019 að samþykka að félagið láti skoða að samín verði skilgreiningaorðabók yfir faghugtökin í umræðunni um hrossarækt, tamningar, þjálfun hrossa, sýningar, almenna hestamennsku og fleira.*

*Rökstuðningur: Ofangreind umsvif hestamennskunnar eru full af hugtökum sem menn skilja á misjafnan hátt og það býður heim mistúlkunum, misskilningi og ýtir undir óþarfan ágreining. Skilgreiningaorðabækur eru til yfir flest sérsvið fræðilegrar umfjöllunar og flokkast gjarnan sem biblíur í fræðibókmenntunum. Í ýmsu tilliti eru þær ekki síður mikilvægar en hinar orðfleiri kennslu- og yfirlitsbækur fræðasviðanna almennt. Ekkert er eins mikils virði fyrir góða umræðu og framfarir á þekkingarsviði og vel skilgreind hugtök, hugtök sem allir skilja tærum skilningi og nota eins. Það dregur svo mikið úr misskilningi og gagnslausri umræðu að ein ákveðin hrein merking sé í hverju lykilhugtaki, að það er í sjálfu sér undrunarefni að ekki skuli vera búið að gera slíka skilgreiningarorðabók fyrir hrossafræðin fyrir löngu.*

Fagráði leist vel á þessa hugmynd og ætlar að vinna að því að koma henni í góðan farveg. Tillögur að næsta skrefi verða ræddar á næsta fundi fagráðs.

*Tillaga 2: Sveinn Ragnarsson beinir því til stjórnar FHB að hún kanni hvort hægt sé auðkenna sérstaklega í WF, hryssur sem eru notaðar í blóðtöku og afkvæmi þeirra.*

Rætt var um blóðhryssubúskap almennt og mikilvægi þess að vel sé að honum staðið á alla lund með dýravelferð í huga og ímynd hrossabúskapar á Íslandi. Fagráði fannst vel koma til greina að auðkenna hryssur sem eru í þessum búskap sérstaklega til upplýsingar fyrir notendur WorldFengs, enda eru þær skilgreindar sem

rannsóknarviðfang og eru í raun ekki í skilgreindri reiðhrossarækt. Ætlunin er að kanna þetta til hlítar á næstunni.

*Tillaga 3: Hrossaræktarsamband Skagfirðinga beinir því til stjórnar FHB/Fagráðs að skoða reglur um greiðslur sýningargjalda á kynbótasýningar einkum hvað varðar möguleika á að færa greidd sýningargjöld milli kynbótasýninga innan ársins og reglum um endurgreiðslu ónotaðra sýningagjalda.*

Í ljósi tillögu Skagfirðinga fór fagráð yfir reglur RML um endurgreiðslur og niðurstaðan var sú að þær væru skiljanlegar og sanngjarnar. Endurgreiðslur á sýningargjöldum koma aðeins til greina ef látið er vita um forföll fyrir kl. 16:00 síðasta virka dag fyrir upphaf sýningarviku. Rúmlega helmingur sýningargjalds er endurgreiddur (ca 54%). Slasist hross eftir að sýning hefst er sama hlutfall endurgreitt gegn læknisvottorði. Falli sýning niður er gefin kostur á að færa hross á aðra sýningu á sama tíma (þ.e. til dæmis innan vorsins) eða fá endurgreitt að fullu. Þegar knapi forfallast rétt fyrir sýningu þá eru slík mál metin hvert fyrir sig og reynt að gera sem best úr þeim. Ákvörðun um fulla endurgreiðslur skal taka í samráði við fjármálastjóra eða framkvæmdastjóra RML. Geti sá sem keypti pláss ekki nýtt það er viðkomandi frjálst að ráðstafa þeim tíma til annarra. Greiðslan fyrir það hross sem skipt var út verður notuð til greiðslu á hrossinu sem kom í staðinn.

4. Aðalfundur FEIF. Farið var yfir aðalfund FEIF en þar lagði Ísland (í samstarfi við ræktunarnefnd FEIF) fram tillögur um nýja vægistuðla eiginleikanna, almenn ræktunarmarkið og nýjan dómskala. Þessar tillögur voru allar samþykktar einróma og var það ánægjulegt enda búið að kynna þessar breytingar vel í flestum FEIF-löndunum.
5. Sýningargjöld 2020. Eins og kom fram á síðasta fundi fagráðs þá kom fram beiðni frá staðarhöldurum flestra staða þar sem kynbótasýningar eru haldnar um hækkun á vallargjöldum; úr 2.210 kr í 4.000 kr fyrir fullnaðardæmd hross enda hafa þau ekki hækkað frá árinu 2012. Sýningargjöldin voru tekin fyrir af RML í janúar. Þar var ákveðið að hækka vallargjöldin í þrepum og hækka þau í ár um 1.000 kr; eða úr 2.210 kr í 3.210. Þá var farið yfir rekstur kynbótasýninganna fyrir árið 2019 (og einnig 2018 þar sem sýningargjöldin breyttust ekki á síðasta ári) en niðurstaða ársins 2019 var tap upp á rúmar átta milljónir. Það var því niðurstaðan að hækka sýningargjöldin (þann hluta sem rennur til RML) um 1.500 kr. Heildarniðurstaðan var því hækkun um 2.500 kr. Þessi breyting á sýningargjöldunum var send í framhaldinu til staðfestingar hjá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu.
6. Þróun kynbótamatsins. Þá var farið yfir þróun kynbótamatsins. Tölvudeild Bændasamtaka Íslands hefur verið með þetta verkefni á sinni könnu og fékk til liðs við sig Þorvald Árnason í desember síðastliðnum til að flýta fyrir verkinu. Það er búið að skipuleggja verkefnið út árið og ákveðið að birta breytingar á matinu í mars og svo í haust. Sú breyting sem kemur inn nú í mars ef eftirfarandi:
  - Bæta við kynbótamati fyrir hægt stökk og meðhöndla bæði hægt stökk og hægt tölt sem tengda eiginleika. Þá eru notaðar upplýsingar erfða- og svipfarsfylgni þessara eiginleika við aðrar eiginleika þegar kynbótamat er reiknað en hægt tölt hefur hingað til verið meðhöndlað sem stakur eiginleiki.

- Bæta við eiginleika sem heitir mæting til dóms. Þá er tekið tillit til forvals til dóms í nýja kynbótamatinu og því mun hlutfall afkvæma sem mætir til dóms hafa áhrif á kynbótamat stóðhesta og hryssna sem eiga hross á tamningaaldri. Hvað afkvæmi hrossa varðar mun þetta fyrsta kastið bara ná til dætra þar sem svo lágt hlutfall hesta er að mæta til dóms. Þá munu allar dætur sem mæta til dóms hafa jákvæð áhrif á kynbótamat foreldranna en neikvæðu áhrifin (af því að afkvæmið kemur ekki til dóms) mun fyrst hafa áhrif þegar afkvæmið (dóttirin) er orðin sex vetra eða eldri. Því mun það ekki hafa neikvæð áhrif þótt ekki sé búið að sýna dæturnar 4 eða 5 vetra. Þetta mun leiða til raunhæfari röðunar á afkvæmahrossum í framtíðinni.
- Uppgötvun á skeiðgeninu kallar á breytingar á kynbótamati fyrir skeið. Þar sem arfhreinleiki fyrir skeiðgeninu (AA arfgerðin) er forsenda fyrir skeiðgetu að einhverju tagi og meirihluti þeirra hrossa sem sýnd eru sem klárhross eru arfblendin fyrir skeiðgeninu (AC hross) er talið rétt að meðhöndla einkunnina 5.0 fyrir skeið sem vöntun á upplýsingum og meta þá kynbótagildi þeirra hrossa sem hafa 5.0 fyrir skeið út frá upplýsingum frá foreldrum/forfeðrum og afkvæmum þeirra. Þetta mun einungis ná til hrossa sem eru arfgerðargreind með CA eða CC arfgerð en þá er þeirra einkunn fyrir skeið (5,0) meðhöndluð sem vöntun á upplýsingum.
- Bæta við kynbótamati á aðaleinkunn án skeiðs.

Þá mun í haust svo verða birt kynbótamat byggt á keppnisgögnum en það hefur verið í undirbúningi lengi og tímabært að láta verða af því á þessu ári. Stefnan er að leggja mat á og birta í WorldFeng kynbótamat fyrir samsetta eiginleika sem lýsa frammistöðu í fjórgangsgreinum og fimmgangsgreinum og einnig kynbótamat sem lýsir keppnishæfni í tölti og skeiðgreinum. Þessi viðbót mun auka öryggi hins hefðbundna kynbótamats vegna þess að þeir eiginleikar sem lagt er mat á í kynbótadómum og eru grunnur hins hefðbundna kynbótamats hafa í flestum tilvikum háa erfðafylgni við keppniseiginleikana. Ennfremur nýtast nú upplýsingar um mun fleiri hross sem koma ekki til kynbótadóms.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 15:30

Við pennann: Þorvaldur Kristjánsson